

1. gr.

Aftan við 22. gr. laga nr. 6, 9. janúar 1935, bætist:

Undirskattanefndarmenn þeir, sem nú eru, halda starfi sínu þar til tími þeirra er útrunninn.

68

6. febr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 6. febrúar 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Í nafni konungs

Frederik

rikisarfi.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

AUGLÝSING

um samning um póstviðskipti

milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar.

69

23. febr.

Póststjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar hafa samkvæmt fengnu umboði komið sér saman um þau sérstöku ákvæði í póstviðskiptum milli greindra landa, er fara hér á eftir.

1. gr.

Almenn ákvæði.

1. Hver póststjórn um sig sér um og ber kostnað af póstflutningi af sínu landssvæði til næsta lands. Með sérstökum samningi milli póststjórna þeirra, sem hlut eiga að máli, má þó gera aðrar ráðstafanir um þetta.

2. Þegar póstur er fluttur sjóleiðis, skal flutningur hans frá lendingarstað til hlutaðeigandi pósthúss framkvæmdur af póststjórninni, sem tekur við honum.

3. Til frimerkingar á bréfaþóstsendingar, er finnst í bréfabassa frá einu landanna til annars og ekki hafa áður verið teknar til póstmeðferðar, gilda frimerki beggja landa.

Burðargjaldsákvæði um bréfastöðsendingar.

1. Burðargjaldið undir bréf frá einu sammingslandanna til annars er:

	í Danmörku	í Finnlandi	á Íslandi	í Noregi	í Svíþjóð
sé þyngdin ekki yfir 20 grömm	15 aur.	2 mk.	20 aur.	20 aur.	15 aur.
— — yfir 20 en ekki yfir 125 gr. . .	30 —	4 —	40 —	40 —	30 —
— — — 125 — — — 250 — . .	45 —	6 —	60 —	60 —	45 —
— — — 250 — — — 500 — . .	60 —	8 —		80 —	60 —

Bréf til og frá Íslandi yfir 250 grömm að þyngd, svo og bréf frá eða til hinna sammingslandanna yfir 500 grömm að þyngd, skulu að öllu leyti háð burðargjaldsákvæðum alþjóðapóstsamningsins.

2. Burðargjaldið undir einfalt bréfsþjald er:

í Danmörku	í Finnlandi	á Íslandi	í Noregi	í Svíþjóð
10 aur.	1 mk. 25. p.	15 aur.	15 aur.	10 aur.

Fyrir bréfsþjald með fyrirfram borguðu svari:

í Danmörku	í Finnlandi	á Íslandi	í Noregi	í Svíþjóð
20 aur.	2 mk. 50 p.	30 aur.	30 aur.	20 aur.

3. Lágmarksburðargjald undir sendingu með verzlunarskjölum er burðargjald það, sem í þessari grein er ákveðið undir bréf, sem ekki er yfir 20. gr. að þyngd.

4. Fyrir ófrimerkt eða vanfrimerkt bréf, sem eru ekki yfir 500 grömm að þyngd (í sambandinu við Ísland samt 250 grömm) og bréfsþjöld skal taka tvöfalt burðargjaldið, sem á vantar, á þann hátt, sem pósthjónirnir koma sér nánar saman um.

Sömu ákvæði gilda og um aðrar vanfrimerktar bréfastöðsendingar, sem af óaðgætni kunna að hafa verið sendar til ákvörðunarlandsins.

5. Meðmælingargjaldið er:

í Danmörku	í Finnlandi	á Íslandi	í Noregi	í Svíþjóð
25 aur.	2 mk.	30 aur.	20 aur.	20 aur.

Bréf með tilgreindu verði.

1. Undir bréf með tilgreindu verði, sem send eru frá einu sambandslandanna til annars, skal, auk bréfaburðargjalds og meðmælingargjalds samkvæmt 1. og 5. lið 2. greinar, taka ábyrgðargjald fyrir hverja 300 króna upphæð (í Finnlandi samt 1000 marka) eða hluta þar af.

Ábyrgðargjaldið er:

í Danmörku	í Finnlandi	á Íslandi	í Noregi	í Svíþjóð
10 aur.	30 p.	30 aur.	10 aur.	10 aur.

2. Í bréfum með tilgreindu verði má senda slegna peninga samkvæmt inn-annlandsákvæðum sendilandsins.

4. gr.

Póstávisanir.

69

23. febr.

Hámarksupphæð sú, sem senda má í póstaávisun er 1000 kr. í mynt ákvörðunarlandsins, til Finnlands þó 10.000 mörk.

Burðargjaldið reiknast af upphæðinni eins og hún er innborguð í mynt sendilandsins og er:

	í Danmörku, Noregi og Svíþjóð		í Finnlandi	á Íslandi
fyrir 5 króna upphæð mest eða 50 mk.	30 aur.	3 mk.		30 aur.
— upphæð yfir 5 kr. eða 50 mk. en ekki yfir 50 kr. eða 500 mk.	40 —	4 —	50 p.	40 —
— — — 50 — — 500 — — — 100 — — 1000 —	50 —	6 —		60 —
— — — 100 — — 1000 — — — 250 — — 2500 —	60 —	8 —		80 —
— — — 250 — — 2500 — — — 500 — — 5000 —	70 —	10 —		140 —
— — — 500 — — 5000 — — — 750 — — 7500 —	80 —	12 —		200 —
— — — 750 — — 7500	90 —	14 —		240 —

Fyrir hverja burðargjaldsskylda ávisun greiðir sendilandið ákvörðunarlandinu 15 aura í þess mynt, Finnlandi samt 1 mk. 50 penni.

5. gr.

Póstkröfur á bréfasendingum.

Hæsta póstkröfuupphæð, sem leggja má á sendingu sem mælt er með, eða á bréf með tilgreindu verði í sambandinu milli sammingslandanna, er jöfn hámarksupphæð póstaávisana, sem skipst er á milli sendi- og ákvörðunarlands sendingarinnar.

Eigi upphæðin að sendast í póstkröfuávisun til landsins þar sem sendingin var látin á póst er póstkröfugjaldið:

	í Danmörku, Noregi og Svíþjóð		í Finnlandi	á Íslandi
fyrir 5 króna upphæð mest eða 50 mk.	40 aur.	4 mk.		40 aur.
— upphæð yfir 5 kr. eða 50 mk. en ekki yfir 50 kr. eða 500 mk.	50 —	5 —	50 p.	50 —
— — — 50 — — 500 — — — 100 — — 1000 —	60 —	7 —		80 —
— — — 100 — — 1000 — — — 250 — — 2500 —	70 —	9 —		100 —
— — — 250 — — 2500 — — — 500 — — 5000 —	80 —	11 —		160 —
— — — 500 — — 5000 — — — 750 — — 7500 —	90 —	13 —		220 —
— — — 750 — — 7500	100 —	15 —		260 —

Fyrir hverja póstkröfuávisun tilheyrandi burðargjaldsskyldri póstkröfugsendingu greiðir sendiland sendingarinnar ákvörðunarlandinu 25 aura í sinni mynt, fyrir sendingar frá Finnlandi samt 2 mk. 50 penni.

6. gr.

Hraðboðagjald.

Hraðboðagjaldið fyrir aðrar sendingar en böggla er:

í Danmörku	í Finnlandi	á Íslandi	í Noregi	í Svíþjóð
40 aurar	4 mk.	50 aurar	40 aurar	30 aurar

69
23. febr.

7. gr.

Áskrift á blöðum og tímaritum.

1. Blöð og tímarit, sem gefin eru út í einhverju sammingslandanna, skulu, þó þannig að gengismunur, sem vera kann, sé tekinn til greina, látin áskrifendum í hinum löndunum í té gegn sömu borgun og áskrifendur útgáfulandsins greiða að viðbættu transitgjaldi, ef svo ber undir (þar með talið sjóflutningsgjald); burðargjaldið má þó aldrei vera minna en 40 aurar, í Finnlandi 4 mörk, fyrir áskriftartímabilið.

Burðargjaldið, að undanskildu transitgjaldinu, skiptist að jöfnu milli útgáfulands og ákvörðunarlands.

2. Blöð og tímarit til Íslands eru aðeins send til viðkomustaða póstskipanna og afhent þar.

3. Áskriftir á blöðum og tímaritum, sem póststjórn einhvers landanna hefir safnað, má flytja frá einhverjum stað úr einu landanna til einhvers annars staðar í öðru þessara landa gegn fyrirframgreiðslu á 50 aura, í Finnlandi 5 marka, gjaldi fyrir hvern flutning. Gjaldið fellur í hlut þeirrar póststjórnar, sem innheimtir það.

Um flutning á blaðaáskrift úr einum stað í annan innan póstumdæmis sama lands gilda innanríkisákvæði þess.

8. gr.

Burðar- og ábyrgðargjald fyrir böggla.

1. Burðargjaldið undir böggla frá einu sammingslandanna til annars (milliríkja böggla) er samanlögð upphæð landgjalda sendi- og ákvörðunarlands, sbr.

2. lið hér á eftir, að viðbættu transitgjaldi, ef svo ber undir, sbr. 12. grein.

2. Landgjald sammingslandanna hvers um sig er sem nú skal greina, með þeim undantekningum, sem ákveðnar eru í 3. lið:

	í Danmörku	í Finnlandi	á Íslandi	í Noregi	í Svíþjóð
Fyrir böggla allt að 1 kg. að þyngd	35 s.	50 s.	50 s.	50 s.	50 s.
— — yfir 1 kg. allt að 3 kg. að þyngd	50 —	75 —	75 —	75 —	75 —
— — — 3 — — — 5 — — —	70 —	100 —	100 —	100 —	100 —
— — — 5 — — — 10 — — —	130 —	200 —	200 —	200 —	200 —
— — — 10 — — — 15 — — —	200 —	300 —	300 —	300 —	300 —
— — — 15 — — — 20 — — —	260 —	400 —	400 —	400 —	400 —

3. Í viðskiptum milli Danmerkur og Finnlands og milli Danmerkur og Svíþjóðar er landgjald Finnlands og Svíþjóðar:

Fyrir böggla allt að 1 kg. að þyngd	65 s.
— — yfir 1 kg. allt að 3 kg. að þyngd	100 —
— — — 3 — — — 5 — — —	130 —
— — — 5 — — — 10 — — —	270 —
— — — 10 — — — 15 — — —	400 —
— — — 15 — — — 20 — — —	540 —

Í viðskiptum milli Danmerkur og Noregs með beinum skipaferðum er landgjalld þessara tveggja landa: **69**

23. febr.

	í Danmörku	í Noregi
Fyrir böggla allt að 1. kg. að þyngd	25 s.	40 s.
— — yfir 1 kg. allt að 3 kg. að þyngd	35 —	65 —
— — — 3 — — — 5 — — —	50 —	85 —
— — — 5 — — — 10 — — —	125 —	225 —
— — — 10 — — — 15 — — —	195 —	330 —
— — — 15 — — — 20 — — —	250 —	450 —

Í viðskiptum milli Íslands og Noregs með beinum skipaferðum er landgjalld þessara tveggja landa:

Fyrir böggla yfir 3 kg. allt að 5 kg. að þyngd	90 s.
— — — 5 — — — 10 — — —	150 —

4. Fyrir hraðflutning hækka gjöldin, sem nefnd eru í 2. og 3. lið, um 100%. Hraðflutning er ekki hægt að framkvæma í viðskiptum við Ísland.

5. Undir rúmfreka böggla hækka gjöldin, sem nefnd eru í 2.—3. lið um 50%, með jöfnun upp á við, ef svo ber undir, í tölu deilanlega með 5.

6. Undir böggla með tilgreindu verði greiðist, auk burðargjaldsins, ábyrgðargjald eins og undir bréf með tilgreindu verði og að auki afgreiðslugjald, sem er:

í Danmörku	í Finnlandi	á Íslandi	í Noregi	í Svíþjóð
25 aurar	2 mörk	30 aurar	20 aurar	20 aurar

Bæði gjöldin falla óskipt til sendilandsins.

7. Undir böggla, sem flutnings er óskað á með islenzkum landpóstum, heimilast hinn islenzku pósthjórn að taka aukagjald af viðtakendum.

9. gr.

Póstkröfur á böggjum.

Ákvæðin í 5. grein um hæstu póstkröfuupphæð og um póstkröfugjaldið gilda einnig um póstkröfu á böggjum.

10. gr.

Þóknun fyrir móttökukvittun (útborgunarkvittun) og fyrirspurnir.

Þóknun fyrir móttökukvittun eða útborgunarkvittun er jöfn burðargjaldi því, sem í samningnum er ákveðið undir bréf í lægsta þyngdarmarki, sé beðið um kvittunina samtímis og sendingin er lätin á póst.

Þessi þóknun tvöföld er tekin fyrir móttökukvittun eða útborgunarkvittun, sem beðið er um eftir að sendingin hefir verið lätin á póst, svo og undir fyrirspurnir um póstsendingar, hvernar tegundar sem er.

Transít bréfastótsendinga og blaða og tímarita.

1. Fyrir bréf og bréfastjóld frá einu samningslandi til annars, sem send eru í transít yfir eitt eða fleiri hinna landanna eða með skipakosti einhvers landsins, skal greiða transítgjald, er sé helmingur þess, sem greiða ber eftir vanalegum alþjóðareglum.

Fyrir bréfastótsendingar (hér með talin blöð og tímarit í áskrift) sem sendast milli pósthúsa sama samningslands og fluttar eru yfir landssvæði eins eða fleiri hinna samningslandanna eða með skipakosti þeirra, skal ekki greiða neitt transítgjald.

Sjótransítgjald reiknast heldur ekki fyrir bréfastóst, sem skipst er á milli Færeyja og Noregs með dönskum eða norskum skipum.

2. Fyrir blöð og tímarit í áskrift, sem koma út í einu samningslandanna og sendast reglubundið til annars samningslands í transít um eitt eða fleiri samningslönd eða með skipakosti einhvers landsins, skal greiða landi því, sem annast transítina, transítgjald, sérstaklega fyrir landflutninginn og fyrir hvern sjóflutning, 20 s. um ársfjórðung eða brot úr ársfjórðungi fyrir blað eða tímarit, sem kemur oftast út en einu sinni í viku, en annars 10 s. um ársfjórðung eða brot úr ársfjórðungi. Nánari reglur um útreikning á þessari greiðslu setja póststjórnirnar.

Transít á bögglaþósti.

1. Fyrir böggla, sem skipst er á milli samningslandanna í transít yfir eitt eða fleiri hinna landanna eða með skipakosti einhvers landsins, skal greiða transítgjald eftir reglum þeim, sem hér fara á eftir.

2. Gjaldið fyrir landtransít, sem hverju transítlandi ber fyrir böggla í lokaðri transít er 10 s. fyrir kg. eða hluta af því, reiknað af samanlagðri þyngd allra böggla í sama flutningi, og fyrir böggla í opinni transít eins og hér segir:

Fyrir böggla allt að 1 kg. á þyngd	15 s.
— — yfir 1 kg. allt að 3 kg. að þyngd	25 —
— — — 3 — — — 5 — — —	30 —
— — — 5 — — — 10 — — —	70 —
— — — 10 — — — 15 — — —	100 —
— — — 15 — — — 20 — — —	140 —

Fyrir hraðflutningsböggla greiðist undir öllum kringumstæðum landtransítgjald það, sem ákveðið er fyrir böggla í opinni transít, hækkað um 100%.

3. Sjótransítgjaldið er fyrir böggla í opinni transít:

Fyrir bögla, sem vega	Í sambandi milli				
	Danmerkur og Finnlands	Danmerkur og Íslands	Danmerkur og Noregs	Finnlands og Svíþjóðar	Noregs og Íslands
Allt að 1 kg.	25 s.	60 s.	15 s.	15 s.	20 s.
Yfir 1 kg. allt að 3 kg.	30 —	90 —	20 —	20 —	30 —
— 3 — — — 5 —	40 —	90 —	25 —	25 —	50 —
— 5 — — — 10 —	75 —	165 —	50 —	50 —	100 —
— 10 — — — 15 —	110 —	240 —	75 —	75 —	150 —
— 15 — — — 20 —	160 —	340 —	100 —	100 —	200 —

Fyrir böggla milli Danmerkur, Íslands eða Noregs annarsvegar og Finnlands hinsvegar, sem fluttir eru í lokaðri transit, skal greiða 5 s. fyrir kg. eða hluta af því sem transitgjald fyrir sjóflutninginn Finnland—Svíþjóð, reiknað af samanlagðri þyngd allra böggla í flutningnum.

Allt transitgjald fyrir sjóflutninginn Finnland—Svíþjóð skiptist jafnt milli Finnlands og Svíþjóðar, þannig að upphæðirnar eru jafnaðar, ef svo ber undir, eftir samkomulagi milli póststjórna beggja landa.

4. Fyrir rúmfreka böggla, sem fluttir eru í opinni transit, hækka gjöld þau, sem í 1. málgr. 2. liðs og 3. lið hér að framan eru ákveðin fyrir opna transit, um 50%, með jöfnun uppávið, ef svo ber undir, upp í tölu, sem deilanleg er með 5.

5. Landtransitgjald það, sem ákveðið er í 2. lið fyrir böggla í lokaðri transit, greiðist sömuleiðis sænsku póststjórninni fyrir böggla, sem skipst er á milli Borgundarhólms, Færeyja og sjálfrar Danmerkur í lokaðri transit yfir Svíþjóð, og norsku póststjórninni fyrir böggla, sem skipst er á milli Færeyja og sjálfrar Danmerkur í lokaðri transit yfir Noreg; fari hin síðarnefndu skipti jafnframt fram á leiðinni Frederikshavn—Kristianssand og á norsku Íslandsleiðinni eða á annari þessara leiða, greiðist norsku póststjórninni enn fremur sjótransitgjald er nemur 10 s. fyrir kg. eða hluta af því, reiknað af samanlagðri þyngd allra böggla í flutningnum, þó ekki hærri upphæð en þá, er svari til þess, er Noregur fengi í sjótransitgjald samkvæmt alþjóða póstbögglasamningnum.

13. gr.

Reikningsskil.

Reikningsskil yfir inneignir hvers lands hjá öðru, fara fram á þann hátt, er póststjórnirnar koma sér saman um.

14. gr.

Ábyrgð.

1. Auk skaðabóta þeirra, sem eftir venjulegum alþjóðareglum eru greiddar fyrir glatað ábyrgðarbréf hefir sendandi ábyrgðarbréfs, sem hefir verið innsiglað

69 samkvæmt gildandi fyrirmælum um bréf með tilgreindu verði, ennfremur rétt til, þegar innihald bréfsins er horfið að nokkru eða öllu leyti eða hefir orðið fyrir skemmdum á annan hátt, meðan það var í vörslum póststjórnarinnar, að fá greiddar skaðabætur, er svari hinu raunverulega tjóni, er hlotist hefir af áverk-
 23. febr. anum eða skemmdunum, nema því aðeins, að yfirsjón eða skeytingarleysi sendanda sé um að kenna eða ásigkomulagi sendingarinnar. Bæturnar mega þó aldrei nema meiru en því, er sendanda ber, ef sendingin týnist með öllu.

2. Þó að millirikjasending glatist eða skemmist vegna ofureflis (vis major), þá losar það ekki póststjórnirnar undan ábyrgð á póstsendingunum.

15. gr.

Mynt.

1. Gjöld þau og upphæðir, sem í samningi þessum eru tilgreind í krónu-mynt, eiga jafnan við mynt hlutaðeigandi sendilands, nema annað sé skýrt tekið fram.

2. Gjöld þau, sem í samningnum eru tilgreind í frönkum og sentímum, eiga við gullfrankann eins og hann er skilgreindur í alþjóðapóstsamningnum.

Útreikningur á gjöldunum í mynt hvers lands um sig fer eftir jafngildi því, sem gildir í hverju landi í alþjóðaskiptum á samskonar sendingum. Póststjórnunum heimilast þó að koma sér saman um minniháttar jafnanir á gjaldaupp-hæðunum.

16. gr.

Burðargjaldsbreytingar.

1. Nú hækka burðargjöld innanríkis í einhverju samningslandanna svo að nauðsyn ber til að breyta gjöldum þeim í samningi þessum, sem ákveðin eru í mynt hlutaðeigandi lands, og skal þá sú breyting samþykkt, að undangenginni tilkynningu frá hlutaðeigandi póststjórn til hinna póststjórnanna.

2. Skyldi innanríkis burðargjald í Noregi verða lækkað skal norsku póststjórninni samtímis, að undangenginni tilkynningu til hinna póststjórnanna, heimilt að nota sama burðargjald undir bréf og bréfsþjöld og gildir í Danmörku og Svíþjóð (sbr. 2. gr. 1. og 2. lið).

17. gr.

Starfsreglugerð.

Póststjórnunum heimilast, með starfsreglugerð eða bréfaskríptum, að setja nánari ákvæði, er kunna að þykja nauðsynleg til framkvæmda á þessum samningi, eða miða að því að greiða fyrir póstviðskiptunum.

18. gr.

Beiting alþjóðaákvæða.

Beri svo við um einhver atriði, að engin ákvæði séu fyrir hendi í samningi þessum né í ofangreindri starfsreglugerð, eða að um þau hafi ekki orðið samið

sérstaklega með bréfaskriptum — annaðhvort milli allra landanna eða sumra þeirra — þá gildir alþjóðapóstsamningurinn og aukasamningarnir ásamt tilheyrandi starfsreglugerðum. 69 23. febr.

19. gr.

Fundir.

Fulltrúar fyrir samningslöndin hittast árlega á fundi, til þess að endurskoða samninginn eða gera hann fullkonnari, sem og til þess að taka til athugunar önnur póstmálefni, sem eru sameiginleg áhugaefni fyrir löndin.

20. gr.

Gildi samningsins.

Samningur þessi öðlast gildi þann 1. janúar 1935.

Samtímis ganga þessir samningar úr gildi:

- Samningur um póstviðskiptin milli Danmerkur og Finnlands 14. maí 1930, með síðari breytingum.
- — póstsambandið — — — — — Íslands 19/30. nóvember 1927.
- — póstviðskiptin — — — — — Noregs og Svíþjóðar 14. maí 1930, með síðari breytingum.
- — — — — Finnlands og Noregs 14. maí 1930, með síðari breytingum.
- — — — — Svíþjóðar 14. maí 1930, með síðari breytingum.
- milli póststjórna Íslands og Noregs 1/17. ágúst 1922, með síðari breytingum.
- um áskrift á blöðum og timaritum milli Íslands og Noregs 10. ágúst/28. júlí 1923.
- — póstviðskiptin milli Íslands og Svíþjóðar 25/14. maí 1928.

Samningurinn gildir um óákveðinn tíma, en segja má honum upp af samningsaðila hálfu hvers um sig og hættir hann þá að gilda ári eftir uppsögnina.

Gerður í fimm eintökum — einu á íslenzku, einu á dönsku, einu á finnsku og sænsku, einu á norsku og einu á sænsku — í Reykjavík, Kaupmannahöfn, Helsingfors, Oslo og Stokkhólmi þann 31. desember 1934.

Fyrir Ísland: S. Briem. Fyrir Danmörku: C. Mondrup.

Fyrir Finnland: G. E. F. Albrecht. Fyrir Noreg: Klaus Helsing.

Fyrir Svíþjóð: Anders Örne.

Þetta er hérmeð birt almenningi.

Í ríkisstjórn Íslands, 23. febrúar 1935.

Haraldur Guðmundsson.